

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Brú, deiliskipulag.

Byggðarráð Rangárþings eystra samþykkti þann 30. júlí 2020 tillögu að deiliskipulag á Brú. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi, tveimur gestahúsum, geymsluhúsi og gróðurhúsi. Hámarksbyggingarmagn er 800 m². Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sóltún, deiliskipulag.

Byggðarráð Rangárþings eystra samþykkti þann 27. ágúst 2020 tillögu að deiliskipulag í Sóltúni. Deiliskipulagið felst í afmörkun tveggja íbúðarlóða ásamt byggingarreitum. Heimilt er að byggja allt að þrjú hús á hvorri lóð, þ.e. íbúðarhús, bílgeymslu og gestahús. Heildarbyggingarmagn á hvorri lóð er 200 m². Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Uppsalar, deiliskipulagsbreyting.

Byggðarráð Rangárþings eystra samþykkti þann 30. júlí 2020 tillögu að deiliskipulagsbreytingu á Uppsölum. Tillagan felst í því að skipulagssvæðið er stækkað til suðvesturs um u.þ.b. 50 m. Innan stækkunar er afmarkaður nýr byggingarreitur þar sem heimilt er að byggja skemmu/hesthús allt að 500 m². Byggingarreitum/lóðum A, B og C verður breytt úr frístundalóðum í íbúðarlóðir. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Þingheimar, deiliskipulagsbreyting.

Byggðarráð Rangárþings eystra samþykkti þann 30. júlí 2020 tillögu að deiliskipulagsbreytingu á Þingheimum. Tillagan felst í því að skipulagssvæðið er stækkað til suðvesturs um u.þ.b. 50 m. Innan stækkunar er afmarkaður nýr byggingarreitur þar sem heimilt er að byggja skemmu/hesthús allt að 500 m². Byggingarreitum/lóðum A, B og C verður breytt úr frístundalóðum í íbúðarlóðir. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 27. október 2020.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2020